

Ed.

739. Nefndarálit

um flóabátaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað tillögur þær um styrk til flóabátaferða, sem samþykktar hafa verið í neðri deild. Getur nefndin ekki að öllu leyti fallizt á þær hækkánir, sem gerðar hafa verið á styrk til einstakra báta, en vill að mestu binda sig við sömu upphæðir og veittar eru í gildandi fjárlögum. Þess vegna leggur nefndin til, að Hornafjarðarbátur verði lækkaður um 500 kr. og athugasemdin felld niður. Sömuleiðis að Rangársandsbátur og Hvalfjarðarbátur lækki um 200 kr. hvor.

Hinsvegar telur nefndin sanngjarnt, að Örafingum verði veittur 400 kr. flutningastyrkur, sakir þeirra sérstöku örðugleika, sem þeir eiga við að búa um alla flutninga.

Nefndin mun því í sambandi við þetta álit flytja tillögu á sérstöku þskj. um lækkun á styrk til flóabáta, er nemur 500 kr.

Alþingi, 19. maí 1933.

Páll Hermannsson,
form.

Einar Arnason,
frsm.

H. Steinsson,
fundaskr.